

Fyrsti fundur í umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps 14. sept. 2022.

Mætt, Jakob Níelssen Kristjánsson, Helena Hólm, Helgi Sigurðsson, Halla Kjartansdóttir, Svanhvít Hermannsdóttir sem ritaði fundargerð.

Nefndin skiptir með sér verkum, formaður Jakob Níelssen Kristjánsson, varaformaður Helena Hólm, ritari Svanhvít Hermannsdóttir.

1. Farið yfir drög af erindisbréfi nefndarinnar
2. Lög um breytingar á hollustuháttum og mengunarvarna. Lagt fram til kynningar.
3. Samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi. Ítrekað er að vel þurfi að standa að kynningu á þeiri breytingu sem stendur fyrir dyrum um áramót varðandi flokkun sorps. Rætt um hrægáminn við Heiðargerði, ítrekað að eftirlit með losun verði þannig að ekki sé komið að honum fullum. Krafa er um það að öðrum hrægámi verði komið fyrir sunnar í sveitarfélagini.
4. Samræming úrgangsflokkunar. Lagt fram til kynningar. Óskað er eftir upplýsingum um framvindu flokkunar í Flóahreppi síðast liðin ár. Reiknað er með að þær upplýsingar séu til og óskað er eftir að þessar upplýsingar séu gerðar aðgengilegar.
5. Efnistaka á Mýrdalssandi. Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps ályktar að blá lína sem tilgreind er á korti sem möguleg akstursleið þ.e. leið 302 og 308 komi ekki til greina sem kostur til flutninga. Burðarþol vegar er ekki nægt, vegurinn er mjór og akstursleið liggur um bæjarhlöð. Ljóst er að umferð um rauðmerkta línu þ.e. þjóðleg nr. 1 myndi valda miklu álagi á vegarkerfið jafnt á degi sem nótta með tilheyrandi hljóðmengun. Minnt er á að nú þegar eru umferðartafir og teppur við að komast frá Villingaholtsvegi inn á þjóðveg nr. 1.
6. Hleðslustöðvar í Flóahreppi. Flóahreppur fékk styrk til uppsetningu stöðva og lýst er ánægju með það. Lögð er áhersla á að allir möguleikar varðandi rekstur stöðvanna séu skoðaðir svo verði sem hagstæðast fyrir hreppinn.
7. Hjólreiðastígur í Flóahreppi. Lögð er áhersla á að ítrekað verði við Vegagerðina að mótuð verði áætlun grunnnets hjólreiðastíga á Íslandi svo sveitarfélagið hafi einhverja áætlun til að vinna eftir.
8. Önnur mál.

JNk Helena Sig  
Hl.  
Halla Kjartansdóttir  
Svanhvít Hermannsdóttir